

MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM SAMKVÆMT LÖGUM NR. 63/1993 VEGNA HOLTAHLÍÐARNÁMU Í GILSFIRÐI, SAURBÆJARHREPPI

NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR OG ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

1. INNGANGUR

Með vísun til 7. greinar laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, var fyrirhugað malarnám úr Holtahlíðarnámu í Gilsfirði tilkynnt til frumathugunar hjá embætti skipulagsstjóra ríkisins, með bréfi dagsettu 12. apríl 1995.

Framkvæmdaraðili: Vegagerðin.

Markmið framkvæmdarinnar: Markmið framkvæmdarinnar er að tryggja betur útfærslu framkvæmda við gerð fyllinga í Vestfjarðavegi nr. 60 um Gilsfjörð. Við nákvæmari skoðun efnis í Urðarhólanámu reyndist magn fínefna vera umtalsvert og gæti reynst erfitt að meðhöndla það blautt. Efni í Holtahlíðarnámu er hins vegar tiltölulega hreint malarefni og því auðvelt og öruggt í meðhöndlun.

Framkvæmd kynnt í frummatsskýrslu Vegagerðarinnar: Áætlað er að taka allt að 400 þús. m³ úr malarhjalla austan Djúpadals, er nær um 500 m inn með Holtahlíð og lækka hjallann um 8-10 m. Þykkt malarlags er áætluð 10-40 m og magnið í hjallanum 1-2 milljónir m³. Þykkt jarðvegs ofan á mölinni er um 0,5 m fremst og neðst í hjallanum, en frá 20 m hæð yfir sjó og upp í 70-80 m er jarðvegslaust. Vegur inn með Gilsfirði liggur um námusvæðið og verður að endurbyggja hann. Háspennulína Landsvirkjunar "Vesturlína" liggur um mitt svæðið. Þarf að lækka hana um allt að 10 m í tveimur áföngum og rjúfa straum á meðan í um tvo sólarhringa í hvort sinn.

Frumathugun: Framkvæmdin var tilkynnt til embættis skipulagsstjóra ríkisins þann 12. apríl 1995 og frummatsskýrsla lögð fram. Tilkynningin var formlega móttækin af embætti skipulagsstjóra ríkisins með bréfi dagsettu 21. apríl 1995 og hófst þá frumathugun. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 28. apríl 1995 og birtist auglýsingin í Lögbirtingablaðinu, Morgunblaðinu og í auglýsingablaðinu Pésanum. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 28. apríl til 5. júní 1995 hjá embætti skipulagsstjóra ríkisins, Reykjavík og í versluninni Skriðulandi í Saurbæjarhreppi. Engin athugasemd barst á kynningartíma. Leitað var umsagnar tveggja opinberra umsagnaraðila, Náttúruverndarráðs og Saurbæjarhrepps, en auk þess Landsvirkjunar þar sem Vestfjarðalína liggur um mitt námusvæðið.

Gögn lögð fram við frumathugun:

1. **Frummatsskýrsla:** Holtahlíðarnáma í Gilsfirði. Mat á umhverfisáhrifum. Vegagerðin, apríl 1995.

2. UMSAGNIR

Leitað var umsagnar **Náttúruverndarráðs** með bréfi dagsettu 19. apríl 1995 og barst umsögn með bréfi, dagsettu 12. maí 1995, þar sem segir:

„Vísað er til bréfs Skipulags ríkisins, dags. 19. apríl 1995 vegna frummats á umhverfisáhrifum framangreindrar framkvæmdar. Ekki er talið að fyrirhugað malarnám muni raska merkingum náttúruminjum.

Náttúruverndarráð samþykkti á fundi sínum þann 5. maí sl. að gera ekki athugasemdir, enda verði gengið frá námunni í samráði við eftirlitsmann Náttúruverndarráðs á Vesturlandi.”

Náttúruverndarráð sendi afrit af umsögninni til Vegagerðarinnar í Reykjavík.

Leitað var umsagnar **sveitarstjórnar Saurbæjarhrepps** með bréfi dagsettu 19. apríl 1995. Umsögn barst ekki.

Leitað var umsagnar **Landsvirkjunar** með bréfi dagsettu 19. apríl 1995 og barst umsögn í bréfi, dagsettu 16. maí 1995, þar sem segir:

„Landsvirkjun hefur tekið til athugunar nauðsynlegar breytingar á hæðarlegu Vesturlínu (Geiradalslínu 1) um Holtahlíðarnámu í Gilsfirði.

Áætlanir Vegagerðar ríkisins miðast við að lækka þurfi línuna á umræddum kafla um allt að 5 m í tveimur áföngum, eða alls um 10 m. Samtals þarf að lækka 10 möstur á um 900 m kafla miðað við þær forsendur, sem fram koma á afstöðumynd í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum. Ekki er gert ráð fyrir því að færa línuna til á þessum kafla meðan á verkinu stendur.

Landsvirkjun telur engin vandkvæði á að lækka línuna á þessum kafla. Vinnu við lækkun þarf að skipuleggja með góðum fyrirvara þar eð taka þarf straum af línunni á meðan á verkinu stendur. Áætlað er að verkið taki um 2 daga í hvort skipti. Varðandi efnisvinnsluna í námunni ber að leggja áherslu á að efni sé ekki tekið of nærri möstrunum til að tryggja eðlilegt öryggi línunnar og stæðni mastra. Verður væntanlega haft samráð við Vegagerðina um þessa þætti áður en til efnisvinnslu kemur í námunni.”

Umsögnin var send Vegagerðinni í Reykjavík, með símbréfi dagsettu 18. maí 1995.

Allar umsagnir liggja frammi hjá Skipulagi ríkisins þar til kærufrestur er liðinn.

3. ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum.

4. NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR

Umhverfisáhrif

Vegagerðin lýsir umhverfisáhrifum í matsskýrslunni svo:

„Miðað er við að tekið verði ofan af malarhjallanum en ekki tekið úr honum að framan og neðanverðu. Þannig mun útlit bakkans að framanverðu breytast lítið. Hjallinn mun lækka um 8-10 m. Reiknað er með að endurleggja þurfi veginn og færa hann eftir efnistöku. Að lokinni efnistöku mun námusvæðið verða jafnað og sáð í það grasfræi. Með tilkomu þessarar námu er reiknað með að minna efni verði tekið úr námum A og C (innskot Sk.r.: eins og þær eru auðkenndar í frummatsskýrslu -Vestfjarðavegur nr. 60 um Gilsfjörð. Vegagerðin áætlanadeild, júní 1994). Þar sem malarlagið er mjög þykkt í Holtahlíðarnámunni þarf að vinna minna svæði þar, en til dæmis í Kaldrananum, til að ná samsvarandi efnismagni, sem veldur minni spjöllum á landi.”

Í fylgiskjali með matsskýrslunni, frá Þjóðminjasafni Íslands, kemur fram að engar skráðar né friðlýstar fornleifar er að finna á fyrirhuguðu námusvæði. Á þeim kortum og loftmyndum sem Vegagerðin sendi Þjóðminjasafninu til skoðunar hafi ekki verið hægt að sjá að fornleifar væru í hættu vegna framkvæmdarinnar.

Náttúruverndarráð gerir ekki athugasemd við námuvinnsluna enda verði gengið frá námunni í samráði við eftirlitsmann ráðsins á Vesturlandi.

Landsvirkjun telur engin vandkvæði á að lækka Vestfjarðalínu á umræddum kafla en þá vinnu þurfi að skipuleggja með góðum fyrirvara vegna straumrofs. Efnisvinnslu þarf að haga þannig að stæðni mastra sé tryggð.

5. SKIPULAG

Fyrirhuguð framkvæmd er innan svæðisskipulags Dalasýslu og Austur Barðastrandarsýslu sem ekki hefur hlotið endanlega afgreiðslu. Í svæðisskipulaginu er fjallað um efnistöku undir Holtahlíð og er gert ráð fyrir að náman sem hér um ræðir verði tekin inn í svæðisskipulagið.

6. ÚRSKURÐARORÐ

Með vísun til 8. greinar laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 hefur skipulagsstjóri ríkisins yfirfarið gögn þau sem fram voru lögð af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, ásamt umsögnum.

Fallist er á fyrirhugaða malartöku úr Holtahlíðarnámu í Gilsfirði, svo sem henni er lýst í matsskýrslu Vegagerðarinnar, með þeim skilyrðum að:

1. Haft verði samráð við Landsvirkjun um efnisvinnsluna vegna öryggis Vesturlínu og væntanlegra breytinga á henni.
2. Haft verði samráð við Náttúruverndarráð um frágang að efnistöku lokinni.

Minnt er á skyldur framkvæmdaraðila samkvæmt þjóðminjalögum ef fornleifar finnast við framkvæmdirnar.

7. KÆRUFRESTUR

Úrskurð þennan má kæra til umhverfisráðherra og rennur kærufrestur út þann 3. ágúst 1995.

Reykjavík 26. júní 1995.

Stefán Thors

Þóroddur F. Þóroddsson